

Fundargerð

8. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2004-2006, var haldinn í Íþróttamiðstöð Íslands, þriðjudaginn 25. janúar 2005, kl. 20:00.

Fundinn sátu: Jónas Egilsson formaður, Einar K. Jónsson, Stefán Halldórsson, Sonja Sif Jóhannsdóttir, Unnur Sigurðardóttir, Birgir Guðjónsson, Fríða Rún Þórðardóttir unglíngalandsliðsþjálfari og Egill Eiðsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fundinn og stjórnaði.

1) Fundargerðir.

- a) Fundargerð 7. fundar stjórnar lögð fram. Samþykkt.
- b) Þinggerð Aukapings FRÍ lögð fram.

Samþykkt að taka saman breytingar á reglugerðum FRÍ sem samþykktar voru á þingi FRÍ á sl. ári, bæði aðal- og aukapingi sambandsins. Ákveðið að Stefán Halldórsson hafi umsjón með því verkinu.

2) Fjármál.

- a) Unnur Sigurðardóttir, gjaldkeri ræddi um stöðu fjármála. Hún nefndi að nokkrir tekjuliðir undanfarinna ára væru fallnir út eða hefðu lækkað s.s. tekjur frá félögum og íþróttafólki vegna keppnisferða, hlutur af styrkjum vegna afreksfólks, fjárveiting Fjárlaganefndar Alþingis o.fl.
Samþykkt að halda sérstakan fund stjórnar um fjármálin þegar reikningar ársins 2004 lægju fyrir. Sá fundur verði 15. febrúar nk.
- b) Rekstraráætlun 2005. Frestað til næsta fundar.
- c) Styrktarsamningar. Guðmundur Kristinsson er að vinna að styrktarsamningum við fyrirtæki vegna ársins 2005.
- d) Samningar við starfsmenn og verktaka. Í vinnslu.
- e) Ferðamál FRÍ 2005. Rætt um fyrirkomulag á ferðamálum FRÍ á árinu, en samningur FRÍ við ÍT ferðir rann út um sl. áramót. Gjaldkeri og framkvæmdastjóri skulu kanna stöðu mála gagnvart ÍT ferðum og öðrum aðilum í þessum geira.

3) Frjálsíþróttablaðið.

- a) Lagt fram efnisyfirlit vegna Frjálsíþróttablaðsins, sem kemur út 11. febrúar nk. og verður dreift með Morgunblaðinu eins og 1.tbl.
- b) Fjármál. Öflun ehf. sér um að afla auglýsinga í blaðið skv. samningi og stendur auglýsingaöflun yfir, en ekki liggur fyrir hvernig sú vinna gengur.

4) Landsliðsmál.

- a) Íþrótt- og afreksnefnd (skipan). Málið er í vinnslu og er stefnt að því að ljúka því fyrir 1. febrúar nk.
- b) Lágmark fyrir mót ársins. Í vinnslu sbr. lið a.
- c) Þjálfaramál v./ landsliðs FRÍ á árinu. Í vinnslu sbr. lið a.
- d) Mótþátttaka í vetur/vor.
Rætt um mótþátttöku á komandi mánuðum s.s. EM í Madrid, HM í víðavangshlaupum og Vetrarkastmóti EAA. Frestað, en þetta mál tengist allt fyrri liðum hér á undan.

5) Lagt fram.

- a) Handbók ÍSÍ 2005.
- b) EAA Circular letter 2. des. sl.
- c) Fundargerð Norræna Tækninefndarfundar í Osló 20.-21. nóv. sl.

- d) Sjóvarpsbikarinn 2006. Lagðar fram til kynningar hugmyndir Þráins Hafsteinssonar um stigamótaröð innanhúss í nýju höllinni í byrjun árs 2005. Stjórnin fagnar hugmyndum og samþykkir að fara af stað með þetta mál og að fyrsta skrefið sé að funda með RUV og kanna undirtektir þeirra við hugmyndunum.
- e) Tilkynningar um félagaskipti.
Eftirfarandi félagaskipti hafa verið tilkynnt til FRÍ á undanföllum vikum:
- Andri Karlsson, kt. 060280-3209, úr Breiðablik (UMSK) í FH (ÍBH). Fékk réttindi til að keppa fyrir FH 1. janúar 2005.
 - Guðrún Sunna Gestsdóttir, kt. 270676-4809, úr Tindastól (UMSS) í Hvöt (USAH). Fékk réttindi til að keppa fyrir Hvöt 1. janúar 2005.
 - Karólína Haraldsdóttir, kt. 050588-3359, úr UFA (ÍBA) í ÍR (ÍBR). Fékk réttindi til að keppa fyrir ÍR 1. janúar 2005.
 - Hilmar Sigurjónsson, kt. 150683-3109, úr Víkingi (HSH) í Tindastól (UMSS). Fékk réttindi til að keppa fyrir Tindastól 14. janúar 2005.
 - Helga Kristín Harðardóttir, kt. 310787-2649, úr Fjölni (ÍBR) í Breiðablik (UMSK). Fékk réttindi til að keppa fyrir Breiðablik 18. janúar 2005.
 - Andrea Ýr Bragadóttir, kt. 310789-2919, úr Samhygð (HSK) í Selfoss (HSK). Fékk réttindi til að keppa fyrir Selfoss 20. janúar 2005.
 - Jón Arnar Magnússon, kt. 280769-4289, úr Breiðablik (UMSK) í FH (ÍBH). Fær réttindi til að keppa fyrir FH 28. janúar 2005.
- f) Formannafundur ÍSÍ í nóvember sl. Lagðir fram puntar formanns frá fundinum.
- g) Þróunarstyrkir EAA til FRÍ 2004 og 2005.
Friða Rún greindi frá framgangi og stöðu mála varðandi þau tvö verkefni sem eru í gangi með afreksunglinga og styrkt eru af EAA.

6) Innsend erindi/mál.

- a) Lagt fram bréf frá ÍSÍ, dagsett 22. nóv. sl., um rekstur kaffiteríu og fundarsali.
- b) Lagt fram bréf frá Norrænu Tækninefndinni, dagsett 7. des. sl., um tillögur vegna þings IAAF í ágúst 2005. Samþykkt að formaður, ásamt Birgi Guðjónssyni og Þorsteini Þorsteinssyni fái umboð stjórnar til að afgreiða málið.
- c) Lagt fram bréf frá ÍSÍ, dagsett 9. des. sl., nýr listi yfir bönnuð efni og aðferðir.
- d) Lagt fram bréf frá Samgönguráðuneytinu, dagsett 13. des., vegna umsóknar FRÍ um styrk vegna mótþings EAA í haust. Erindi FRÍ var hafnað.
- e) Lagt fram bréf frá ÍSÍ, dagsett 14. jan. sl., tilkynning um undirbúningsfund vegna Smáþjóðarleika 27. janúar nk. Framkvæmdastjóri og gjaldkeri sæki fundinn.
- f) Lagt fram bréf frá frjálsíþróttadeild FH, dagsett 10. jan. sl. vegna óskar FH um breytingar á dagsetningum á MÍ 15-22 ára frá 5.-6. febrúar til 19.-20. febrúar vegna húsnæðisvandamála. Málið hefur verið afgreitt af stjórn, skv. fundarsköpum FRÍ, en samþykkt að senda bréf til frjálsíþróttadeildar FH vegna málsins. Einnig var samþykkt að senda bréf til frjálsíþróttadeilar Fjölnis vegna vegna óskar um breytingu á dagsetningu á MÍ í fjölþrautum frá 19.-20. febrúar til 26.-27. febrúar.
- g) Lagt fram bréf frá Guðmundi Daða Kristjánssyni, ósk hans um styrk vegna náms í íþróttافرæðum. Erindinu hafnað, enda ekki á verksviði FRÍ að veita styrki til almenns náms.
- h) Lagt fram bréf frá ÍSÍ, dagsett 20. jan. sl., um úthlutum til FRÍ úr Afreksjóði og sjóði ungra og efnilegra vegna ársins 2005. Rætt.
- i) Lagt fram bréf frá ÍSÍ, dagsett 21. jan. sl., um Felix – Félagakerfi íþróttahreyfingarinnar.
- j) Erindi frá U.m.f. Selfoss vegna keppnisréttar félagsins í mótum á vegum FRÍ. Lögð fram greinargerð frá Laganefnd FRÍ vegna málsins og málið rætt.
- k) Lögð fram fundargerð frá Íþróttamannanefnd FRÍ.

- l) Lagt fram bréf frá ÍSÍ, dagsett 21.jan. sl., um fyrirkomulag vegna útleigu á fundarsölum í Íþróttamiðstöðinni, en verið er að ljúka endurbótum á fundasölum um þessar mundir.

7) Fundir og þing í alþjóðlegu samstarfi 2005.

- a) Norræni formannafundurinn 3.mars nk.
FRÍ er í forsvari fyrir þennan fund og hefur verið ákveðið að hann fari fram í tengslum við EM í Madrid 3. mars nk. Formaður verður í Madrid á vegum EAA. Rætt um möguleika annars stjórnarmanns að sækja fundinn.
- b) 19. þing EAA, Ljubljana 16. apr. nk., drög að dagskrá.
Formaður er fulltrúi EAA á þinginu, en ekki liggur fyrir hver verður fulltrúi FRÍ á þinginu í Ljubljana.
- c) Þing IAAF í Helsinki í byrjun ágúst nk.
Formaður sækir þingið og einnig samþykkt að Birgir Guðjónsson, formaður Tækninefndar saki þingið, en á þinginu verða endurskoðaðar reglugerðir.
- d) Norræni framkvæmdastjórafundurinn árið 2005. FRÍ er gestgjafi fundarins að þessu sinni og er áætlað að fundurinn fari fram í lok september.
- e) Mótþing EAA í haust. Rætt.

8) Önnur mál.

- a) Birgir Guðjónsson greindi frá vinnu sinni í Læknanefnd IAAF, en hann hefur unnið að samþjöppun á texta um lyfjareglur IAAF.

Fundi slitið kl. 22:25.

Fundargerð ritaði Egill Eiðsson.